



Osloborg 900 ára

Þessa viku hefur verið mikið um dýrðir í Oslo, höfuðborg Norðmanna, er þeir héldu hátíðlegt 900 ára afmæli borgarinnar. Hápunktur hátíðahaldanna var vígsla nýja ráðhússins, sem myndin hér að ofan er af. Það er mikil bygging, eins og myndin ber með sér, byggt úr rauðum múrsteini. Turnarnir eru 70 metra háir, en byggingarkostnaður þess er 30 millj. norskra króna.

Ráðhúsið er skreytt með af timbri og eldsvoðar hafa verkum norskra listamanna. Á gert mikinn usla, þannig var vesturhlíð þess er t. d. höggmynd af Haraldri harðráða, eftir Anne Grimdalen, sem er einn þekktasti myndhöggvari Norðmanna, og á annari hlið er myndin Skógarhöggsmenn, sem einnig er eftir Grimdalen, en meðal þeirra norsku listamanna er hafa skreytt ráðhúsið eru Alf Rolsen, Áge Storstein, Hendrik Sørensen, Niels Flakstad, Schiöll, Per Krogh, Else Paulsen og Alf Hurum.

Afmæliahátíðahöldin hófust fyrra sunnud. með hátíðafundi í „Gamlebyen“, elzta hluta Oslo, en ráðhúsið var vígt á mánudaginn og aðalhátíðahöldunum lauk ekki fyrr en á miðvikudaginn 17. — Þjóðhátíðardegi Norðmanna. Borgarstjórn höfuðborga Norðurlandanna og fjölda annarra borga var boðið til þessarar 900 ára hátíðar, þ. á. m. fulltrúum frá Moskva og New York. Í sambandi við afmæliahátíðina er fjöldi sýninga sem munu verða opnar fram á haust.

900 ár má teljast virðulegur aldur höfuðborgar og þótt Oslo sé yngri en París og London er hún 100 árum eldri en Kaupmannah. og Moskva og um 200 árum eldri en Stokkhólmur. Raunar er talið að Oslo hafi verið 900 ára fyrir tveim árum eða 1948, þar sem sagan segir að Haraldur harðráði hafi látið reisa kaupstað í Oslo 1048, en ártalið 1950 er skemmtilegt ár til stórrar hátíðar.

Þrátt fyrir þann aldur er ekki mikið eftir af hinni gömlu Oslo, þar sem hún var byggð

af timbri og eldsvoðar hafa verkum norskra listamanna. Á gert mikinn usla, þannig var bærinn fluttur yfir Akersána eftir stórbruna 1624 og þá var hún einnig skýrð upp og kölluð Kristjanía, eftir Kristjáni IV., Danakonungi, en tímabilið frá því Noregur komst undir Danakonung í lok 14. aldar kalla Norðmenn „nótt hinna 400 ára“. Sjálfstæði sínu náði Noregur aftur 1814, en það var þó ekki fyrr en 1924 að höfuðborgin var aftur skirð sínu gamla, upprunalega nafni, Oslo. Um 1660 voru ekki nema 325 hús í Oslo og það var fyrst eftir lok 18. aldar að borgin fór að verða þýðingarm. miðstöð þjóðlífsins og fram til ársins 1813 stunduðu norskir stúdentar nám við Kaupm.hafnarháskóla, en það ár varð Oslo háskólabær. Árið 1948 var umdæmi Osloborgar stækkað allt upp í fjöllin og við það varð hún talin stærsta borg heimsins að flatarmáli og íbúunum fjölgaði á annað hundruð þúsund, voru þá 390 þús. en eru nú 427 þús.

Hið mikla nýja ráðhús Osloborgar er næstum jafngamalt þjóðleikhúsinu okkar. Það var byrjað að ræða um byggingu þess fyrir 35 árum, en 1931 var byggingin hafin og 1939 voru fluttar skrifstofur borgarinnar í bygginguna, en svo komu Þjóðverjar og stöðvuðu byggingu þess, — norsku kvistlingarnir og þýzku nazistarnir voru meira að segja með ráðagerðir um að breyta því í verzlunarhús!, en nú er þessari miklu byggingu lokið og hún orðin stolt Oslobúa.

Reykvikingar fagna Gullfossi

Framhald af 8. síðu.
fyrir hönd félagsstjórnar og framkvæmdastjóra, og Ólafur Thors atvinnumálaráðherra. Lúðrasveit Reykjavíkur lék ættjarðarlög á eftir ræðunum. Í ræðu sinni rakti Eggert Claesen allýtarlega skipakaup Eimskipafélagsins allt frá því að gamli „Gullfoss“ var smíðaður í ársbyrjun 1915 er félagið fyrst hóf starf sitt, sem frá fyrstu tíð miðaði að því að „hafa á hendi samgöngur milli Íslands og útlanda og innanlands á öllum sviðum, bæði farm- og farþegaflutninga“. Minntist hann skipatjóns félagsins á styrjaldarárunum, er Gullfoss var hertekinn, en Goðafossi og Dettifossi sökt. Eftir stríðið hefði félagið látið sitja í fyrirrúmi að endurnýja farmskipastólinn. Þess vegna

hefði fyrst verið lokið smíði hinna nýju farmskipa: Goðaf. Dettifoss og Lagarfoss, sem aðeins hefðu rúm fyrir 12 farþega hvert. Um nýja Gullfoss sagði hann m. a.: „... að skipið er smíðað þannig, og í öllu tilliti útbúið þannig, í smáu sem stóru, að það fullnægi öllum kröfum nútímans til öryggis og þæginda fyrir farþega“. Og enn fremur: „... er gengið útfrá að meðal siglingahraði þess á hafi geti orðið rúmlega 16 mílur á vöku. Verður skipið þá rúmlega 2 sólarhringa milli Reykjavíkur og Leith, rúman 1½ sólarhring milli Leith og Kaupmannahafnar, en beina leið milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar rúmlega 3 sólarhringa. Ferð milli Reykjavíkur og Ísafjarðar mun taka um 11 tíma, milli Ísafjarðar og Siglufjarðar um 8 tíma og milli Siglufjarðar og Akureyrar rúm. 2½ tíma“. „... Þetta skip er hin stórfeldasta framför, sem orðið hefur í samgöngum Íslendinga á sjó. Það færir landið nær umheiminum um þriðjung vegalengdar á sjó þegar miðað er við 16 mílna meðalhraða á hafi móti 11–12 mílna hraða þeirra skipa, sem hingað til hafa verið í förum milli Íslands og útlanda“.

Á sunnudaginn var bærabúum frjálst að skoða „Gullfoss“ frá kl. 10 f.h. til 6 e. h. Þáfi fjöldi manna það boð, og voru lengst af biðraðir stórar á hafnarbakkanum, en fólkinu var hleypt um borð í smáhópum.

„Gullfoss“ fer væntanlega héðan í hringferð um landið n. k. fimmtudag og stendur sú ferð yfir í viku. Hefur skipið þá viðdvöl á eftirtöldum höfnum: Patreksfirði, Ísafirði Sauðárkrók, Siglufirði, Akureyri, Húsavík, Seyðisfirði, Norðfirði, Reyðarfirði og Vestmannaeyjum. Er för þessi farin í þeim tilgangi að gefa sem flestum landsmönnum kost á að skoða skipið.

Hjólreiðamenn í Reykjavík:

Minnist þess, að þér hafið sömu skyldum að gegna og bifreiðastjórar, er þér komið að aðalbrautum.

Slysavarnafélagið.

Sprengingin

Framhald af 1. síðu.

brátt á vettvang og var unnið að björgun úr hrundum húsum allra næstu nótt. Er síðast þráttist var talið, að um 40 hús hefðu farizt og yfir 300 hafi komið á sjúkrahús en gert að meðliðslum enn fleiri þar sem bein voru komnir. Fjöldi kvenna og barna er meðal hinna særðu og dáuðu. Svæðið umhverfis höfnina var allt stráð ósprungnum jarðsprengjum og torvelduðu þær mjög björgunarstarfið.

vilduð grandskoða þessa vasa, vínker, kaffikönnur o. s. frv. með sama hug og með sömu gagnrýni og málverkin og höggmyndirnar...“

Leitast við að finna leiðina til hins rétta hlutverks listamannsins í Þjóðfélaginu“


Nýstárleg sýning á leirmunum, listvefnaði, málverkum og höggmyndum í Austurstræti 3

„Við sem stöndum að þessari sýningu á keramik, höfum leitast við að finna aftur leiðina til þess hlutverks, sem við álitum að listamaðurinn eigi að gegna gagnvart þjóðfélaginu. Þess vegna höfum við kosið þetta hagnýta listform og lagt í þessa keramik þann persónulega skilning okkar á formi og litum, sem við ella hefðum sett á léreft eða höggvið í stein.“

Þannig er m.a. komið að orði í ofurlitlu fylgiriti sýningar þeirrar sem hefur verið opnuð í húsaýrnum café Hallarinnar, Austurstræti 3, uppi. Á sýningunni eru aðallega leirmunir frá „Laugarnesleir“, en að því fyrirtæki standa þau hjónin Gestur Þorgrímsson og Sigrún Guðjónsdóttir, skozki listmálarinn Waistel og svissneska listakonan Dolinda Tanner, einnig eru nokkur málverk og höggmyndir eftir þetta sama fólk, og loks listvefnaður eftir frú Ásgerði Ester Búadóttur. — Allir munir á sýningunni eru til sölu.

Ferskur og nýstárlegur blær.

Það eru um 3 ár síðan Gestur Þorgrímsson stofnsetti fyrir tækið „Laugarnesleir“ af litlum efnum og við hinar ófullkomnuustu aðstæður. Kona hans hefur starfað þar með honum frá upphafi, seinna komu svo hinir félágarnir, þau Waistel og Tanner, og smátt og smátt fór fyrirtækið að láta að sér kveða. Leirinn hefur verið sóttur víða að af landinu, en mest úr Hvalfirði. Hefur svo vel tekizt með framleiðsluna, að ekki verður annað greint en munirnir þarna á sýningunni séu fyllilega sambærilegir við beztu keramik útlenda. — Og form



þeirra allt, gerð og listskreyting kemur eins og ferskur blær inn á svið íslenzkrar leirmunagerðar. — Sama má og segja um listvefnað þann sem frú Ester Búadóttir sýnir þarna, yfir honum er sá ferski og nýstárlegi blær, sem einkennir alla sýninguna.

Engir tveir munir eins.

Engir tveir leirmunir á sýningunni eru eins, hver sá hlutur sem „Laugarnesleir“ framleiðir er einn, aðeins einn, með sinni gerð og sinni litasamsetningu. Eins og höfundarnir segja: „Við ætlum þessum hlutum jafnan sess á við málverk og höggmyndir sýningarinnar. Við höfum unnið að hvorutveggja af jafn mikilli natni og áhuga. Þess vegna mundi það gleða okkur ef þér